# Þjónustuvefur fyrirtækja

leiðbeiningar fyrir nýja notendur

## Umsókn um fyrirtækjaviðskipti og innskráning

Þjónustuvefur Domino's fyrir fyrirtæki er á slóðinni [www.dominos.is/innskraning-fyrirtaekja](www.dominos.is/innskraning-fyrirtaekja) .

Til að **sækja um fyrirtækjaviðskipti** þarf notandi að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum í gegnum innskráningarsíðu undir “Umsókn um fyrirtækjaviðskipti”




**Innskráning** samþykktra notenda fer fram í gegnum sama viðmót með rafrænum skilríkjum. Þar er boðið að velja viðskiptaaðila sem pantað er fyrir.




## Aðalvalmynd

Þegar notandi hefur skráð sig inn tekur við aðalvalmynd þjónustuvefs. Þar má finna yfirlit yfir stofnaða notendur, **„Pizzupantara**“ og **„Notendur**“.  Flipi yfir notendur gefur lista yfir alla stofnaða notendur en flipi fyrir pizzupantara listar þá sem hafa heimild til að panta pizzur.

Ath. að notendasvæðið er aðeins virkt fyrir þá sem eru með stjórnendaaðgang.

**Hægra megin** á valmynd er hægt að **velja viðskiptaaðila** (“Fyrirtæki”) ef þeir eru fleiri en einn.  Þar eru einnig valmöguleikar til að **bæta við notanda**, **hefja nýja umsókn fyrir nýtt fyrirtæki** um fyrirtækjaviðskipti eða **bæta við hóp.**

Hópar eru góð leið til þess að flokka notendur og aðgangstýra eftir innri hópum fyrirtækisins.

Athuga að allir reikningar eru alltaf sendir á reikning fyrirtækisins en ekki hópsins.

Til að stofna hóp þarf að skrá Nafn hópsins og svo einkvæmt númer/texa fyrir aðgreiningu í kerfinu.

# MITT DOMINO'S

Pizzupantarar Notendur Reikningar

## Pizzupantarar

**Egill Þorsteinnson** (3007852419)
8225540

**Garðar Þorsteinsson**
(2608862159)
8662620

## Þínar upplýsingar

Fyrirtæki

Vettvangur

Bæta við notanda

Bæta við hóp

Hefja umsókn

Viðskiptaskilmálar

Útskráning

# Notendastýring

**Notandi stofnaður**
Nýr notandi er stofnaður með því að smella á, „Bæta við notanda“ . Þar er hægt að velja um þrenns konar réttindi; **stjórnandi**, **pizzupantari** eða **bókhald.** Gefa þarf upp netfang notanda og síma.




**Stjórnandi** getur stofnað nýja notendur og breytt upplýsingum um þá. **Pizzupantari** getur aðeins pantað pizzur.  Þeir sem eru stofnaðir undir **Bókhald** fá aðgang að yfirliti yfir reikninga en geta ekki pantað.

Nýir notendur fá **tilkynningu í tölvupósti** um að þeir hafi fengið aðgang.



# Reikningar og færsluyfirlit

Þetta svæði er aðeins aðgengilegt fyrir þá sem hafa bókhaldshlutverk. Hér er hægt að fara yfir allar færslur og niðurhala í pdf útgáfu




# Pöntunarferli Fyrirtækjapantana

Pöntunarferlið fyrir viðskiptavin á dominos.is , með leyfi til að panta og skuldfæra á fyrirtæki eða stofnun, er eins og hefðbundið pöntunarferli. Þegar komið er á greiðslusíðu birtist möguleiki á að greiða sem fyrirtæki neðst á síðunni. Ef hakað er við ,,JÁ“ þarf viðkomandi að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum.




Þegar auðkenningin hefur verið staðfest birtist möguleiki á að bæta við skýringu ef nauðsyn er á slíku.




Að því loknu er ýtt á ,,staðfesta pöntun" og pöntunin send inn eins og aðrar hefðbundnar pantanir.

ATH að aðeins verður hægt að panta fyrirtækjapantanir á www.dominos.is eftir 1.september 2024.

Spurningar?
Ef eitthvað er óljóst varðandi þjónustuvef okkar er hægt að hafa samband í síma 585 0800 eða í gegnum tölvupóst, agla@dominos.is

**Takk fyrir að nota þjónustuvef okkar!**